


Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands



1. tölublað, 4. árgangur

nr. 8, janúar 1995

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri 1995 fer af stað þann 23. janúar með fyrsta opinbera fyrirlestri vetrarins. Fjallar hann um feminískt sjónarhorn á raunvísindi og tæknigreinar. Lengst af hafa kvennafræðin svo til eingöngu verið stunduð af fræðimönnum í hug- og félagsvísindum, en raunvísindamenn eru að sækja í sig veðrið á þeim vettvangi. Carita Peltonen, efnafræðingur og framkvæmdastjóri norrænna kvennafræða síðan í sumar, kemur hingað til

lands í janúarlök í boði Rannsóknastofu í kvennafræðum og flytur hér tvo fyrirlestra. Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir flytur þriðja opinbera fyrirlestur misserisins í byrjun mars, en nýlega kom út bók eftir Auði um kvennaguðfræði. Rabbfundir hefjast þriðjudaginn 7. febrúar og verða í hádeginu annanhvern þriðjudag fram í apríl. Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri er birt í heilu lagi hér í fréttabréfinu.

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir dósent í uppeldisfræði, Guðbjörg Jóhannesdóttir stud. theol., Helga Kress prófessor í almennri bókmenntafræði, Rannveig Traustadóttir stundakennari í félagsvísinda-deild, Kristín Björnsdóttir dósent í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

NORRÆN STOFNUN Í KVENNAFRÆÐUM

Á ráðstefnu um þróun kvennafræða á Norðurlöndum, sem haldin var í Hässelby í Stokkhólmi haustið 1993, var reifuð sú hugmynd að koma á fót norrænni stofnun í kvennafræðum. Stofnunin ætti að stuðla að meiri samvinnu á milli kvennafræðinga og efla rannsóknir og kennslu á sviði kvennafræða. Þessari hugmynd var fylgt eftir, einkum af svokölluðum samráðshópi um norrænar kvennarannsóknir, sem skipaður er einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna, ásamt framkvæmdastjóra norrænna kvennafræða, sem starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Norrænu jafnréttisráðherrarnir tóku vel í hugmyndina á Nordisk forum í Åbo í sumar og Norræna embættismannanefndin samþykkti á fundi sínum í Kaupmannahöfn í ágústlok að fela Solveigu Bergman, framkvæmdastjóra norrænna kvennafræða, að vinna að undirbúningi stofnunarinnar í samráði við samráðshópinn og Elsu Þorkeldsdóttur, formann norrænu embættismannanefndarinnar, en hún stjórnar fundum hópsins. Í september hittist samráðshópurinn og fór yfir uppkast að reglugerð fyrir stofnunina, ræddi hugsanlega staðsetningu hennar, hvaða kröfur eigi að gera til forstöðumanns o.s.frv. Niðurstaðan varð sú að helstu háskólum á Norðurlöndum var kynnt fyrirhuguð stofnun og rektorar beðnir um að bregðast við áskorun um að taka við þessari stofnun ef þeir teldu að viðkomandi skóli hefði burði til þess. Yfirvöld háskólanna voru beðin um að greina frá því af hverju þau hefðu áhuga á að hýsa stofnunina,

hvers konar rannsóknmaumhverfi á sviði kvennafræða væri til staðar við háskólann (t.d. rannsóknastofnun, áætlanir um þróun á kvennafræðum, þjónusta, samskiptanet o.s.frv.) og hvaða aðstöðu og aðbúnað þeir gætu boðið stofnuninni (húsnæði, tæki, starfsfólk o.fl.). Að lokum var sú leið farin að biðja háskólana að mæla með umsækjanda/umsækjendum um forstöðumannsstöðuna. Svo fór að þrettán háskólar sóttu um að fá að byggja upp þessa stofnun innan sinna veggja (stofnunin verður endurmetin eftir þrjú ár og þá ákveðið hvort hún verði áfram á sama stað eða flytjist á milli landanna með ákveðnu árabili). Samráðshópurinn hittist aftur í byrjun nóvember til að fara yfir umsóknir og taka viðtöl við þá sem helst komu til greina. Margir umsækjenda voru mjög vel hæfir og valið var erfitt en þar þurfti að huga bæði að umsækjanda um forstöðumannsstarfið og því hvað háskólarnir voru tilbúnir að leggja af mörkum við stofnunina. Fyrir valinu varð Oslóarháskóli og forstöðumaður Frida Ecg-Henriksen. Frida hefur unnið um árabil hjá Rannsóknastofnu kvennafræða við Oslóarháskóla og átt stóran þátt í að byggja þá stofnun upp. Norræna kvennafræðastofnunin tekur formlega til starfa 1. september 1995.

Þar sem Háskóli Íslands hefur verið mjög aftarlega á merinni hvað þróun kvennafræða varðar kom ekki til greina að þrýsta á yfirvöld skólans að sækja um þessa stofnun. Hér vantar bæði aðstöðu og fé til rannsókna (styrkþegastöður og fræðimannastöður við Rannsóknastofnu í kvennafræðum) og

þróun kennslu í fræðunum. Einnig þarf verulega að auka bóka- og tímaritakaup á sviði kvennafræða til Háskólabókasafns. Það kæmi þó vel til greina síðar, ef stofnunin verður

róterandi og háskólinn hefur tekið sig á í þessum efnum, að fá hina norrænu stofnun í kvennafræðum hingað til lands.

KYNNING Á BÓKUM

Nýlega kom út í Tromsø í Noregi bók um stjórnun og kynferði í norskum fiskiðnaði. Bókin heitir *Drømmen om å bli fiskekjøper. Om rekruttering til ledelse og kvinners lederstil i norsk fiskeindustri*. Höfundur er Marit Husmo og þeir sem hafa áhuga geta pantað bókina hjá henni, Norges fiskerihøgskole/Universitetet i Tromsø, 9037 Tromsø, Norge. Bókin kostar 180 norskar krónur.

Fyrir jólin kom út ritið *Fléttur. Rit Rannsóknastofnu í kvennafræðum 1*. Í *Fléttum* eru greinar um siðfræði, bókmenntir, mannfræði, sálarfræði, hjúkrunarfræði, félagsráðgjöf og félagsfræði. Þær eru allar skrifaðar frá kvennafræðilegu sjónarhorni og bera vott um þá grósku og fjölbreytni sem er í kvennarannsóknnum hér á landi. Flestar greinarnar eru að stofni til fyrirlestrar sem haldnir hafa verið á vegum Rannsóknastofnu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Efnisútdráttur á ensku fylgir hverri grein. Höfundar greinanna eru: Guðný Guðbjörnsdóttir uppeldissálfræðingur, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Helga Kress bókmenntafræðingur, Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur, Kristín Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Ragnhildur

Richter bókmenntafræðingur, Rannveig Traustadóttir félagsfræðingur, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur og Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir eru ritstjórar bókarinnar. Bókin er 333 blaðsíður og fæst í flestum bókaverslunum. Áskrifendur fréttabréfsins geta fengið bókina keypta með afslætti á skrifstofu stofunnar í Sumarhöll.

Bókin *Vinátta Guðs. Kvennaguðfræði* eftir Séra Auði Eir Vilhjálmstöttur kom út í haust. Útgefandi er Kvennakirkjan. Bókin er 163 blaðsíður og fæst í flestum bókaverslunum. Aftan á kápu stendur m.a. „Kvennaguðfræði fjallar um líf kvenna, sjálfsmynd þeirra og hugmyndir. Hún á heima bæði í kirkjunni og kvennahreyfingunni. Í henni eru settar fram hugmyndir um að komast frá því sem bindur konur og til þess frelsis sem Guð skapaði þær til að eiga. Frelsun kvenna er líka frelsun karla, því þegar konur taka við hugsunum Guðs um breyttan heim er það öllum til góðs.“ Bókin fékk lofsamlega dóma í gagnrýni Péturs Péturssonar dósents í *Morgun-bláðinu*.

Þriðja hefti tímaritsins *NORA* kom út í haust. Í því eru eftirtaldir greinar: Elsa Mundal, „The position of women in Old Norse society and the basis for their power“; Signe Arnfred, „Investigating gender in the Greenland process of modernization“; Tove Thagaard, „Hard work and much patience“. Career prospects for women scientists“; Dorte Marie Søndergaard, „Gendered bodies in Academia — an analytic approach to social meaning-making among students“; Hilda Rømer Christensen, „Among flappers and respectable girls. Gender and culture in the Danish YWCA 1880-1940“.

Ársskýrsla Rannsóknastofu í kvennafræðum 1994 liggur frammi á stofunni. Þeir sem þess óska geta fengið skýrsluna senda heim.

KVENNASÖGUNET

Tölvunet með upplýsingum fyrir fræðimenn með áhuga á kvennasögu hefur nýlega verið sett upp. Fyrir því standa eftirfarandi samtök: the Coordinating Committee on Women in the Historical Profession/Conference Group on Women's History, the Western Association of Women's History and sögudeild University of Southern California. Netíð er kallað WEB og er opið öllum sem stunda rannsóknir í sögu. Netíð

Í fyrsta hefti þverfaglega tímaritsins *The European Journal of Women's Studies* eru eftirtaldir greinar: Diane Richardson og Victoria Robinson, „Theorizing Women's Studies, Gender Studies and Masculinity“; Irene Dölling, „Women's Experiences 'Above' and 'Below'“; Gillian Robinson, Norma Heaton og Celia Davies, „Women at Work in Northern Ireland“; Ida Dominijian, „Language, Communication and Betrayal“; Marja Leena Vehviläinen, „Women Defining their Information Technology“.

hefur að geyma upplýsingar um fræðimenn, rannsóknir þeirra og rannsóknasvið. Þeir sem áhuga hafa eru beðnir að senda nafn, heimilisfang og símanúmer og upplýsingar um rannsóknasvið, svæði og tímabil, titla og efni fyrirhugaðra fyrirlestra og ferðamöguleika á ráðstefnur til WEB Coordinator Emily Reader, USC History Department, University Park, Los Angeles, CA 90089-0034.

WISE — WOMEN'S INTERNATIONAL STUDIES EUROPE

Samtök kvennafræðinga í Evrópu (WISE) voru formlega stofnuð árið 1990, m.a. í þeim tilgangi að efla rannsóknir, kennslu og útgáfustarfsemi á sviði kvennafræða í Evrópu. Samtökin eru opin öllum þeim sem fást við kvennafræði, einstaklingum, áhugahópum, háskólastofnunum, rannsóknastofnunum og öðrum stofnunum sem tengjast kvennafræðum. Gjald samtakanna er 28 ensk pund fyrir einstaklinga og 79 pund fyrir stofnanir. Innifalið í gjaldinu er áskrift að tímaritinu *European Journal of Women's Studies* sem kemur út ársfjórðungslega og er þverfaglegt tímarit, fréttabréf samtakanna, sem kemur út fjórum sinnum á ári, og einstaka útgáfur, eins og *European Women's Studies Guide*. Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur tekið að sér að vera tengill milli samtakanna og íslenskra meðlima þeirra. Nánari upplýsingar um samtökin og umsóknareyðublöð fást á stofunni. Hringið í síma 69 45 95 fyrir hádegi virka daga eða komið í eigin persónu á skrifstofuna.

Eftirfarandi yfirlýsing kemur frá forsvarskonum WISE og er ætlað að vekja ráðamenn í löndum Sameinuðu þjóðanna til vitundar um mikilvægi kvennarannsóknna.

YFIRLÝSING:

Í þekkingu felst vald og valdi er enn misskipt á milli kynjanna. Því hljótum við að beina sjónum okkar að

þekkingunni. Hér erum við ekki aðeins að ræða misskiptingu þekkingar eða misjafnan aðgang að þekkingu, heldur einnig um það hvernig þekking verður til og endurnýjast. Sem andsvar við þessari valdamisskiptingu urðu kvennafræðin til snemma á áttunda áratugnum. Kvennafræðin eru mikilvægt framlag til þekkingar á stöðu kvenna á öllum sviðum og varpa ljósi á hvernig hugtökin „karlkyn“ og „kvenkyn“ eru hlaðin gildum og merkingum sem oft eru ómeðvituð. Kvennafræðin greina almenn hugtök í því skyni að draga fram þá kynjahlutdrægni sem í þeim felst og rannsaka áhrif þeirrar hlutdrægni á stöðu kvenna (og karla). Þess vegna fjalla kvennafræðin um allt sem tengist stöðu kvenna og snerta þar af leiðandi öll svið samfélagsins. Kvennafræðin geta því lagt sitt af mörkum til að ryðja hindrunum úr vegi kvenna á leið til frelsis. Kvennafræðingar skipuleggja og stunda ýmis fræðistörf sem leggja grunninn að því að þróa stefnu, til að mynda gegn kynferðislegu ofbeldi og ófullnægjandi vinnuskilyrðum kvenna. Vegna þess að kvennafræðin snerta öll svið samfélagsins eru þau mikilvægt fyrir allar þjóðir Sameinuðu þjóðanna. Öllum þjóðum SP og ESB ber því að efla kvennafræðin og virkja þá sérfræðiþekkingu sem til er á þessu sviði í því skyni að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem enn liggja á leið kvenna til jafnréttis og valda.

Í mörgum löndum kemur skortur á fjárveitingum til kvennafræða og viðurkenningu á réttmæti þeirra í veg

fyrir þróun kvennafræðanna. Margar konur sem stunda kvennafræði vinna tvöfalda vinnu vegna þess að þær þurfa jafnframt að sinna hefðbundinni kennslu og rannsóknnum. Vegna veikrar fjárhagsstöðu og skorts á rannsóknastofnunum reynist einnig oft erfitt að miðla á fullnægjandi hátt þeirri þekkingu sem fyrir hendi er. Sjónarhorn kvennafræða fær almennt ekki hljómgrunn í menntakerfinu, hvorki í háskólum né framhalds- og grunnskólum. Kvennafræði eru hvorki nægilega þekkt á hefðbundnum rannsóknastofnunum né á þeim stofnunum sem stunda rannsóknir fyrir hið opinbera, sem gerir það að verkum að kvenfrelsisstefnan fær ekki næga umfjöllun. Í þeim löndum þar sem staða kvennafræða er nokkuð traust eru tækifæri til að miðla sérþekkingu kvennafræðanna samt ófullnægjandi. Í sumum löndum er jafnvel verið að skera niður framlög til rannsókna á sviðinu og stofnar það augljóslega framtíðarþróun kvennafræða í hættu.

Í ljósi þess sem að ofan greinir höfum við mótað eftirfarandi alþjóðleg markmið:

Árið 2000

- eiga kvennafræði að vera í kennsluskrá allra menntastofnana,
- allar tillögur af hálfu hins opinbera skulu skoðaðar í ljósi áhrifa þeirra á frelsi kvenna,
- öllum rannsóknastofnunum ber að hafa fullnægjandi sérþekkingu í kvennafræðum, sér í lagi þeim stofnunum sem vinna fyrir hið opinbera,
- fullkomin (al)þjóðleg tölvunet fyrir kvennafræði skulu vera til staðar.

Aðgerðir:

- Alþjóðlegar nefndir skulu styðja kvennafræðirannsóknir. Í fyrsta áfanga skulu stofnaðar nefndir innan hvers svæðis til að vinna að þessu markmiði.

- Fjármagna skal (al)þjóðleg tölvunet í kvennafræðum, eins og t.d. WISE.

- Þróa skal aðferðir til að rannsaka allar fyrirhugaðar opinberar aðgerðir með hliðsjón af áhrifum þeirra á frelsi kvenna, innan hvers lands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Rannsóknastofnanir í kvennafræðum skulu taka þátt í þróun þessara aðferða.

- Í löndum þar sem nýlega er farið að stunda rannsóknir á sviði kvennafræða skal koma á fót a.m.k. einni rannsóknastofnun og útbúa hana þannig að alþjóðleg samskipti séu möguleg. Einkum er nauðsynlegt að útvega sjálfvirkni- og rafrænan samskiptabúnað. Þörf er því á tölvum, hugbúnaði og sérþekkingu.

- Skipuleggja þarf endurmenntunarnámскеið fyrir starfsmenn háskóla (kennara og fræðimenn), þá sem sjá um stefnumótun á öllum sviðum samfélagsins o.s.frv.

- Fjölga þarf þýðingum á útgefnum efni á sviði kvennafræða til að gera þau aðgengilegri, styrkja alþjóðlegar samanburðarrannsóknir og halda alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur reglulega.

Útgjöld verða mishá eftir löndum. Við teljum að framlag hvers lands til slíkrar áætlunar verði um hálf milljón dollara á ári. Þörf yrði á a.m.k. þriggja milljóna dollara framlagi frá ESB og sömu upphæð frá Sameinuðu þjóðunum.

Rabb um rannsóknir og kvennafræði

Priðjudaginn 7. febrúar kl. 12-13 í stofu 422 í Árnagarði

talur Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræði, um athugun sína á kynferði og stjórnun menntamála í kvennafræðilegu ljósi.

Priðjudaginn 21. febrúar kl. 12-13 í stofu 422 í Árnagarði

talur Guðni Elísson bókmenntafræðingur um hentugar leiðir til að afbyggja karlaveldið út frá feminísku sjónarhorni.

Priðjudaginn 7. mars kl. 12-13 í stofu 422 í Árnagarði

talur Torfi Tulinius, dósent í frönsku, um rannsóknir sínar á grimmd gagnvart konum í frönskum og íslenskum miðaldabókmenntum.

Priðjudaginn 21. mars kl. 12-13 í stofu 422 í Árnagarði

Gerður G. Óskarsdóttir menntunarfræðingur: *Kröfur um hæfni í starfi með tilliti til kynjanna.*

Priðjudaginn 4. apríl kl. 12-13 í stofu 422 í Árnagarði

Keneva Kunz þýðingarfræðingur: *Þýðingar: Kvennastarf á karlaforsendum.*

Opinberir fyrirlestrar

Mánudaginn 23. janúar kl. 17:15 í stofu 101 í Odda

Carita Peltonen efnafræðingur og framkvæmdastjóri norrænna kvennafræða flytur fyrirlestur sem hún nefnir *Feminist Perspective on Science and Technology*.

Miðvikudaginn 25. janúar kl. 17:15 í stofu 106 í Odda

Carita Peltonen flytur fyrirlestur sem nefnist *Women, Science and Technology — Network*. Þar kynnir hún kvennasamtök og tölvunet í raunvísindum og tæknigreinum á Norðurlöndum.

Fimmtudaginn 2. mars kl. 17:15 í stofu 101 í Lögbergi

Séra Auður Eir Vilhjálmisdóttir sóknarprestur flytur fyrirlestur sem nefnist *Vináta Guðs: Leið til að móta lífið*.

8
ALPJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

1995

- 9.-11. eða 16.-18. febrúar í Strasbourg. *Equality and Democracy: Utopia or Challenge?* Evrópuráðið stendur fyrir ráðstefnunni sem er undirbúningsráðstefna fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking sumarið 1995. Uppl.: Council of Europe, Directorate of Human Rights, P.O.Box 431 R 6, F-67007 Strasbourg. Símbref + 33-88-412000.
- 23.-25. febrúar í University of British Columbia, Canada. *Northern Parallels, 4th Circumpolar Universities Cooperation Conference*. Þessi ráðstefna er haldin annaðhvort ár til að efla samvinnu og æðri menntun og rannsóknir á norðlægum slóðum. Á ráðstefnunni verða tekin fyrir eftirfarandi þemu: Women and the North; Contemporary Issues of Aboriginal Peoples; Ecosystem Health; Science and the Environment; Education, Culture and the Arts; Health and Community Development; Northern Development in Comparative Perspective. Upplýsingar: The Office of International Programmes, University of Northern British Columbia, POBox 1950 Prince George, British Columbia, V2L 5P2, Canada. Sími +604-960-5702, símbref +604-960-5793.
- 24.-26. febrúar í Palo Alto, USA. *Simone de Beauvoir and Other Worlds*. Uppl.: Simone de Beauvoir Society, 440 La Mesa Dr., Menlo Park, CA 94028 USA.
25. mars í Lancaster, Englandi. *Women/Time/Space*. Kvennarannsóknastofan í Lancasterháskóla heldur þessa ráðstefnu. Þemu: Raced and sexualised space/time, gendered use of time, nostalgia, virtual reality. Uppl.: Conference Organisers, Women/Time/Space, Centre for Women's Studies, Carmel College, Lancaster University, Lancaster, LA1 4YL, UK.
- 22.-30. mars í Englandi. *Women, Law, Culture, and Tradition*. Alþjóðleg undirbúningsráðstefna fyrir kvennaráðstefnuna í Peking sumarið 1995. Uppl.: International Seminars Department, The British Council, 10 Spring Gardens, London SW1A 2BN. Sími +44 71 389 4264, símbref +44 71 389 4154.
- 8.-9. apríl í Reading, Englandi. *Gender Perspectives on the Household*. Upplýsingar um ráðstefnuna: Sue Gregory, Dept. of Agricultural Economics, University of Reading, P.O.Box 237, Reading RG6 2AR, England. Sími + 44 734 875123. Símbref +44 734 756467 eða Linda McKie, Dept. of General Practice, University of Aberdeen AB9 2AY Scotland. Sími +44 224 663131. Símbref +44 224 840683.

9

- 11.-13. apríl í Amsterdam. *Building Identities. Gender Perspectives on Children and Urban Space*. Uppl.: Stg. Geography and Gender, P.O.Box 16625, NL-1001 RC Amsterdam, The Netherlands. Símbref +31 206384608.
- 27.-28. apríl í Stokkhólmi. *Nordens Män*. Norræna ráðherranefndin stendur fyrir þessari ráðstefnu. Uppl.: Sören Carlsen, Ligestillingsrådet, Tordenskjöldsgade 27, 3, DK-1055 Köbenhavn. Sími +45 3392 3311, símbref +45 3391 3115.
- Mánaðamótin apríl-maí í Reykjavík. *Konur og kristni*. Sjá nánari auglýsingu síðar í fréttabréfi Sagnfræðingafélagsins og í fjölmiðlum.
- 3.-5. maí í Helsingfors. *Changing Faces of Prostitution*. Norræn ráðstefna um vændi. Upplýsingar: Marjut Jyrkinen/Unioni — the League of Finnish Feminists, Bulevardi 11 A 1, 00120 Helsinki, Finland. Sími +358 0 1604442 og símbref +358 0 643193.
- 12.-14. maí í Minneapolis, Minnesota. *The Women, Gender, and Science Question*. Þverfagleg ráðstefna sagnfræðinga, félagsfræðinga, heimspekinga og annarra sem eru að fást við rannsóknir á náttúruvísindum. Uppl.: Susan Burke, University of Minnesota, 204 Nolte Center, 315 Pillsbury Dr. S.E., Minneapolis, MN 55455, USA. Tölvupóstur: sburke@mail.cee.umn.edu
- 18.-21. maí í Helsingfors. *Kvinnor og miljöer*. Nionde nordiska Kvinnojuristmötet. Upplýsingar: Katarina Petrell, Institutionen för privaträtt, FIN-PB 4, 00014 Helsingfors universitet, sími 358 0 191 3381, símbref 358 0 191 3108.
- 23.-24. maí í Vadstena, Svíþjóð. *Doing Feminist Research on Technology and Society*. Á ráðstefnunni verður myndaður vinnuhópur til að ræða þróun feminískra rannsókna innan raunvísinda og tæknigreina á Norðurlöndum. Þátttökufjöldi er miðaður við u.þ.b. 30 manns.
- 9.-11. júní í Helsingfors. *18. Nordiska Sociologkongressen*. Á þessu þingi starfar vinnuhópur í kvennafræðum undir yfirskriftinni „kön, social förändring og identitet.“ Upplýsingar um þennan vinnuhóp: Sirpa Wrede, Sociologiska institutionen, Åbo Akademi, FIN-20500 Åbo, Finland. Sími +358 21 2654327, tölvupóstur sirpa.wrede@abo.fi
- 23.-25. júní í Stirling, Englandi. *Desperately Seeking Sisterhood — Still Changing and Building*. Þemu: 1. Women's Identities, Religious, Ethnic, Regional, „feminist“, National, Sexual. 2. Images of Ourselves and Each Other: Body, Dress and Codes, Representations, Colonised Stereotypes. 3.

Wellbeing and Responsibilities, Ownership of Knowledge. 4. Relationships: Family, Friends, Allies, Lovers. 5. Women and Technologies: Communication, Visual, Reproductive. 6. Open Stream. Uppl.: Millson Henry, Dept. of Applied Sciences, University of Stirling, Stirling FK9 4LA, UK. Sími +44 786 46 703. Tölvupóstfang CTIsoc@uk.ac.stirling.forth

24.-28. júní í Bergen. *Political Dimensions of Mathematics Education*. Þemu eru m.a.: gender/race/class. Uppl.: Stig Mellin-Olsen eða Kari Vik, Institutt for praktisk pedagogik, Universitet i Bergen, N-5020 Bergen, Norge. Sími +47 5554 4830, símbref +47 5554 4852, tölvupóstfang mellin-olsen@psych.uib.no

27. ágúst - 3. september í Montréal í Kanada. Eitt af aðalefnum heimspings sagnfræðinga í Montréal 1995 verður þemað „Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum kynferðissögu“ (hlutur kynferðis og sambands kynjanna í mikilvægustu umskiptum í sögu stjórnmála, samfélaga og trúarbragða). *Women, Men and Historical Change: Case Studies in the Impact of Gender History*. (The role of gender and male/female relations in major historical transformations—political, social, religious). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

27. ágúst - 3. september í Montréal í Kanada. *Miniconference "Women, Colonialisms, Imperialisms and Nationalisms through the Ages"*. Upplýsingar: Ruth Roach Pierson, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-9236641, símbref 9264725.

2.-6. september í Udevalla, Svíþjóð. *Anniversary Conference: Mary Woolstonecraft in Sweden 1795 1995*. Alþjóðleg þverfagleg ráðstefna á vegum háskólanna í Gautaborg, Stokkhólmi og Uppsölum. Þemu eru m.a.: Romanticism & Gender; Woolstonecraft in Feminist Thought; Revolution: Women and Gender; Travel Writing; Social and Economic History of the Swedish West Coast in the 18th and 19th Centuries. Uppl. Ulla Wikander, Sandhamnsg. 10(8), S-115 40 Stockholm eða Catherine Sandbach-Dahlström, Engelska inst., Stockholms universitet, S-106 91 Stockholm. Símbref +46 8 159667.

3.-8. september í Osló. *20th Annual Conference ATEE*. (Association for Teacher Education in Europe). „The main focus of the conference is to present and discuss the conditions for equity in the educational system, and the role of teacher education in this context.“ Uppl.: Oslo College, ATEE conference, Dept. of Teacher Education, Wergelandsveien 27, N-0167 Oslo, Norge. Sími +47 22452000, símbref +47 22452005.

4.-5. september í Peking í Kína. *FN: Svärldskongressför kvinnor*. Upplýsingar: UN World Conference and the NGO Forum on Women 1995, Kirchengasse 26, A-1070 Vienna, Austria. Símbref 43-1-526 1897.

20.-23. september í Vín. *7th Symposium of the International Association of Women Philosophers*. Þema ráðstefnunnar er "The War". Upplýsingar: "IAPH Symposium", Institute for Science and Art, Berggasse 17, A-1090 Vienna, Austria. Sími/símbref 43 1 34 43 42.

1996

5.-10. janúar 1996 í Ahmedabad á Indlandi. *The 8th International Gender and Science and Technology Conference (GASAT-8)*. Uppl.: GASAT 8 Secretariat, SATWAC Foundation, A1/22 Amrapali, Sukhipura, New Sharda mandir Road, Paldi, Ahmedabad-380 007 India. Sími 91 79 428991, símbref 91 79 416941 eða Kirsten Grønbaek-Hansen, Center for Kvindeforskning, Københavns Universitet, Njalsgade 80, DK-2300 København. Sími 45 35 328840 og símbref 45 35 328377.

18.-20. apríl 1996 í Barcelona á Spáni. *Women, Work, Health*. Alþjóðleg ráðstefna um þemað „Enjoying health, making the difference visible.“ Uppl.: Sekretaria: DONA, SALUT I QUALITAT DE VIDA, Aribau, 209, 1-08021 Barcelona, Spain. Sími +343-3226554 og símbref +343-4109742.

8.-12. ágúst 1996 í Osló. *Fimmta norræna kvennasögugjönging*. Megintemu: 1. AÐHLYNNING OG VELFERÐ — HUGSJÓNIR OG VERULEIKI. Á þessari öld hefur hið opinbera tekið æ meiri þátt í aðhlyningu barna, sjúkra og aldrafra. Fjöldi kvenna vinnur við stofnanir sem þessu tengjast. Mörkin milli ábyrgðar hins opinbera og einstaklinga hafa sveiflast til og frá. Skilgreinum þær nánar ásamt breytingum á merkingu hugtakanna: aðhlyning, móðurhlutverk, föðurhlutverk, skipting ábyrgðar milli einstaklinga og samfélags/ríkis. 2. VALD, RÍKI, KYNFERÐI. Staða kvenna hefur ekki verið sú sama í lénsveldi, feðraveldi og velferðarríki. Hafa völd kvenna aukist eða minnkað með síauknu skrifræði sérfræðinga? Þrengir sterkt ríkisvald kosti kvenna? 3. TILLÖGUR UM FRJÁLS TEMU: - Ævisögur (einnig aðferðafræði) - Menntun/tilurð og miðlun fróðleiks - Konur 17. og 18. aldar. Drög að crindum/greinargerðum, ein blaðsíða að lengd, sem og fleiri hugmyndir um frjáls temu óskast sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1995. Skilafrestur endanlegra handrita er 1. mars 1996. Nánari upplýsingar fást á Rannsóknastofu í kvennafræðum (s. 694595) og hjá Ólöfu Garðarsdóttur sagnfræðingi, sem er tengiliður af Íslands hálfu (s. 694416).

7.-9. september 1996 í Bandaríkjunum. *The 10th Berkshire Conference on the History of Women, Complicating Categories: Women, Gender, and Difference*. Uppl.: Evelyn Brooks Higginbotham, Afro-American Studies Dept., Harvard University, 1430 Massachusetts Ave., Cambridge, MA 02138 USA eða Merry Wiesner-Hanks, Center for Women's Studies, University of Wisconsin-Milwaukee, P.O.Box 413, Milwaukee, WI 53201, USA.

LÖGFRÆÐINGAR ATHUGIÐ!

Hefi nr. 4, 1994 af *SIGNS* var tileinkað feminisma og lögfræði. Tímaritið er til á Háskólabókasafni.

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhöll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Sími 69 45 95
Símbref 2 88 01
Tölvupóstur: thorusig@rhi.hi.is
